



Borgarráð

### *Arnarbakki og Völvufell - niðurstaða hugmyndaleitar*

Óskað er eftir heimild borgarráðs til þess að hefja viðræður við nokkra hópa um tímabundna leigu á húsnæði Reykjavíkurborgar við Arnarbakka og Völvufell.

#### **Greinagerð**

Reykjavíkurborg festi nýverið kaup á fasteignum í tveimur hverfiskjörnum í Breiðholti: Arnarbakka 2-6 og Völvufelli 11-21 með það að markmiði að flýta fyrir uppbyggingu á þessum svæðum.

Fasteignirnar verða afhentir borginni í nokkrum áföngum á komandi mánuðum. Til þess að húsnæðið standi ekki autt hefur borgin auglýst eftir notendum til bráðabirgða. Vinna við nýtt skipulag svæðisins er hafin hjá embætti Skipulagsfulltrúa.

Ráðgjafahópur, skipaður fulltrúum íbúa í Breiðholti, var skipaður til þess að rýna umsóknir. Niðurstaða þessa hóps er lögð fram hjálagt.

Áhugaverðustu umsóknirnar eru að mati ráðgjafarhópsins:

- a. Karlar í skúrum – Rauði Krossinn
- b. Smíðastofa fyrir einhverfa karla – Velferðasvið Reykjavíkurborgar
- c. Verkstæði og kennslurými – Áhugahópur kennara og handverksmanna
- d. Hjólafærni og Hjólakraftur
- e. Vegglistasamsteypan
- f. Stelpur Rokka
- g. Lærdómsmiðstöð í ræktun plantna – Seljagarðar
- h. Upptökuver
- i. Bardagaíþróttir – Íþróttafélag Reykjavíkur

Næstu skref verkefnisins eru að hefja viðræður við þessa hópa, forgangsraða í rými og kostnaðarmeta framkvæmdir við að standsetja húsnæði undir þeirra starfsemi. Ljóst er að borgin mun einnig þurfa að setja fjármagn í að tryggja gæði umhverfisins við þessi svæði á komandi mánuðum. Þegar búið er að ná samningum við aðila og kostnaðarmeta tengdar framkvæmdir verður niðurstaða þeirrar vinnu lögð fyrir borgarráð.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:  
Minnisblað ráðgjafahóps skipuðum fulltrúum íbúa í Breiðholti  
Erindisbréf ráðgjafahóps vegna hugmyndaleitar

# Kjarnar í Breiðholti – niðurstaða hugmyndaleitar

## Minnisblað

### 1. Tillaga um næstu skref

Lagt er til að hefja viðræður vegna eftirfarandi verkefna og aðila sem þeim tengjast vegna aðstöðu í kjörnum og fasteignum borgarinnar í Arnarbakka og Eddufelli. Er þetta gert í kjölfarið á auglýsingu á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Er litið til næstu tveggja ára eða tímabundna notkun þangað til að nánara skipulag liggur fyrir um frekari uppbyggingu. Er tekið mið af rýnivinnu með íbúum og svo raunhæfni verkefna:

- a. Karlar í skúrum – Rauði Krossinn
- b. Smíðastofa fyrir einhverfa karla – Velferðasvið Reykjavíkurborgar
- c. Verkstæði og kennslurými – Áhugahópur kennara og handverksmanna
- d. Hjólaferni og Hjólakraftur
- e. Vegglistasamsteypan
- f. Stelpur Rokka
- g. Lærdómsmiðstöð í ræktun plantna – Seljagarðar
- h. Upptökuver
- i. Bardagaípróttir – Ípróttafélag Reykjavíkur

Viðameiri framtíðarhugmyndir um þörf umsækjenda og t.d. uppbyggingu kjarna er að öðru leyti vísað inni skipulagsvinnu sem mun væntanlega tengjast hverfisskipulagi sem kynnt verður á næstu mánðum.

### 2. Bakgrunnur verkefnis

Reykjavíkurborg festi nýverið kaup á fasteignum í tveimur hverfiskjörnum í Breiðholti: Arnarbakka 2-6 og Völvufelli 11-21 með það að markmiði að flýta fyrir uppbyggingu á þessum svæðum.

Í hverfaskipulagi sem er í vinnslu fyrir Breiðholt koma fram hugmyndir að auknum byggingarheimildum á þessum lóðum og möguleikum á breyttri notkun. Frumkvæði Reykjavíkurborgar mun leiða til hraðari uppbyggingar á þessum svæði, betri nýtingu og bættri ásýnd. Stefnt að því að hefja vinnu við breytingar á deiliskipulagi á lóðinni á næstunni.

Fasteignirnar sem um ræðir eru í mörgum matshlutum sem verða afhentir borginni að hluta til um næstu mánaðarmót og hluta af húsnæði verður afhent um mitt ár 2019. Til þess að húsnæðið standi ekki autt og ónotað hefur borgin auglýst eftir mögulegum notendum til bráðabirgða á meðan skipulagsvinnan stendur yfir.

### 3. Ráðgjafarhópur Breiðholtsins

Lögð var áhersla á að samráð og upplýsingagjöf um verkefnið yrði vel sinnt. Til þess að svo megi verða var stofnaður ráðgjafarhópur Reykjavíkurborgar sem skipaður er fulltrúum íbúa í

Breiðholti. Stofnaður var svo ráðgjafahópur með erindisbréfi í desember 2018. Sjá viðauka I. Í hópnum sátu fulltrúar foreldrafélaga, íbúa og hagsmunaaðila eins og sjá má í viðauka II.

#### 4. Rætt við ákveðna umsækjendur

Að lokinni rýnivinnu ráðgjafahópsins var haft samband við umsækjendur og farið yfir raunhæfni, þörf fyrir stærð húsnæðis og það hvernig starfsemi samrýmdist markmiðum og sjónarmiðum sem fram komu í ráðgjafahópnum. Fékkst dýpri mynd af því hvernig verkefni gætu mætt markmiðunum og jafnvel unnið saman. Sjá má nánari upptalningu á þeim í viðauka III.

#### 5. Umræða um tillögur

Ljóst er að verkefni um smíðastofur og iðju karla geta verið í sama kjarna og skoða má hugsanlega eitthvað samstarf þó að hver og einn þurfi sér svæði. Þar mætti t.d. horfa til Arnarbakkans þar sem rými henta vel til slíkrar starfsemi. Einnig mætti sjá fyrir sér Hjólafærni og Hjólakraft þar en hluti af starfseminni tengist hjólaviðgerðum. Gott rými er þar líka fyrir æfingasvæði fyrir utan. Verkefni sem tengjast frekar listsköpun s.s. Vegglistasamsteypan og Stelpur Rokka fara vel saman við fyrirbyggjandi áherslur í Eddufelli en þar eru fyrir Nýlistasafn Íslands og gallerí á vegum Listaháskólans. Kanna mætti möguleika á samstarfi um upptökuver. Nálægðin við Seljagarða gerir innanhús aðstöðu fyrir lærdómsmiðstöð um ræktun plantna einnig ákjósanlega. Húsnæðið er nokkuð hrátt við afhendingu og hafa allir þessir aðilar lýst sig tilbúna að laga húsnæðið að sínum þörfum eftir bestu getu. Aðstaða fyrir bardagaíþróttir í hverfinu hefur verið á hrakhólum og er hér lagt til að kannaðir verði enn frekar möguleikar í þessum kjörnum um nýtingu. Fjölskylduhjálpin hefur verið með húsnæði við Iðufell og er að leita að betra framtíðarhúsnæði. Beiðnin frá Fjölskylduhjálpinni kom síðar inni ferlið og fór ekki í rýni íbúa.

#### 6. Endurlífgun kjarnanna

Ánægja hefur komið fram í samtölum íbúa og helstu hagsmunaaðila um fyrirætlanir borgarinnar með uppbyggingu kjarnanna. Gera allir sér grein fyrir að hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða. Væntingar eru um að borgin sem eigandi sinni útliti og umhirðu fyrir utan þá. Þannig er í undirbúningi málun yfir veggjakrot og nánari tiltekt af hálfu borgarinnar. Þeir aðilar sem standa fyrir ofantöldum verkefnum hafa í hyggju að byggja upp margvíslega starfsemi sem mun glæða þessa kjarna lífi og setja af stað margvíslega þjónustu og virkni fyrir íbúa Breiðholts. Fer þetta vel saman við annað gott starf sem stofnanir borgarinnar, ríkis og félagasamtaka standa nú fyrir.

F.h. ráðgjafahópar um kjarnana í Breiðholti

*Óskar Dýrmundur Ólafsson*

Hverfisstjóri Breiðholts

## 7. Viðauki II – Rýnivinna með íbúum

14.1.2019

### Fundargerð Samráðshóps Reykjavíkurborgar vegna þróunar á hverfiskjörnum í Breiðholti

Reykjavíkurborg festi nýverið kaup á fasteignum í tveimur hverfiskjörnum í Breiðholti: Arnarbakka 2-6 og Völvufelli 11-21 með það að markmiði að flýta fyrir uppbyggingu á þessum svæðum.

Fasteignirnar sem um ræðir eru í mörgum matshlutum sem verða afhentir borginni að hluta til um næstu um áramót og hluta til um mitt ár 2019. Til þess að húsnæðið standi ekki autt og ónotað hefur borgin auglýst eftir mögulegum notendum eða leigjendum til bráðabirgða á meðan skipulagsvinnan stendur yfir.

Í erindisbréfi R18110151 „Samráðshópur Reykjavíkurborgar vegna þróunar á hverfiskjörnum í Breiðholti“ er kveðið á um að Hverfisstjóra, Óskari Dýrmundi Ólafssyni, er falið að stofna rýnihóp skipuðum fulltrúum íbúa í Breiðholti með það hlutverk að:

Leggja mat á umsóknir um aðstöðu í húsnæði Reykjavíkurborgar í hverfiskjörnum Breiðholts við Arnarbakka 2-6 og Völvufelli 11-21. Hópurinn mun skila Reykjavíkurborg minnisblaði þar sem fjallað er stuttlega um hverja umsókn og gerð tillaga um hvaða aðila borgin eigi að ganga til samninga við um húsnæði í kjörnum.

Rýnihópin skipuðu:

Svava Bernhard Sigurjónsdóttir fulltrúi foreldra skólaráði Breiðholtsskóla  
Anna Sif Jónsdóttir fulltrúi foreldrafélagi Breiðholtsskóla og Reykvíkingur ársins 2018  
Aðalheiður Erla Ingimarsdóttir fulltrúi foreldrafélagi Fellaskóla  
Karim Askari íbúi í neðra Breiðholti og formaður Islamic Foundation Iceland  
Jóhanna Dýrún núverandi stjórnmeðlimir íbúasamtökunum Betra Breiðholt  
Helgi Kristófersson fyrverandi formaður íbúasamtökunum Betra Breiðholt  
Alice Björg Petersen íbúi í Efra Breiðholti og götustjóri Yrsufelli  
Piotr Jakubek eigendur Mini Market í Drafnafelli  
Eva Yngvadóttir íbúi í Neðra Breiðholti og götustjóri í Urðarstekkur  
Guðrún Eiríksdóttir íbúi og fyrverandi formaður hverfisráðs Breiðholts

Fundarritari var:

Nichole Leigh Mosty, verkefnastjóri hverfisverkefna.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Óli Örn Eiríksson, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Starfstímabil:

Starfshópur starfi þar til búið er að velja samstarfsaðila inn í húsin og það komið í notkun.

Samráðsfund var haldin 09. janúar 2019 í fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi. Eftirfarandi fulltrúar boðuðu forföll: Guðrún Eiríksdóttir, Eva Yngvadóttir, Aðalheiður Erla Ingimarsdóttir og Svava Bernhard Sigurjónsdóttir

Á fundinn mættu til viðbótar eftirfarandi fulltrúar úr foreldrafélögum grunnskólar hverfisins: Ólafur Gylfason fulltrúi foreldrafélags Seljaskóla, Guðmundur Magnús Daðason fulltrúi foreldrafélagi Ölduselsskóli og Arna Bech fulltrúi foreldrafélags Hólabrekkuskóli.

Á fundinum voru tillögur og hugmyndir ræddar sem bárust eftir auglýsingaferli til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Gefin var einkunn á skalanum 1-3 eftir hvaða hugmyndir fengu mikinn stuðning fulltrúa í rýnihópi ( 1 táknar mest og 3 minnst). Hér fyrir neðan eru tillögur og hugmyndir ásamt einkunnargjöf og athugasemdum frá fulltrúum rýnihópsins.

- I. **Elsa Jónsdóttir; Vegglistasamsteypan (Vinnustofa listamanna) Völvufell** einkunn: 1
  - a. Jákvæð umfjöllun. Flest fannst hugmynd um tengja listamenn með samfélagið í kringum Völvufelli frábær, sérstaklega fyrir ungmenni þar sem það vantar að gera svæði að lifandi og jákvæðri staðsetningu í hverfinu. Hugmyndum um námskeið og sýningar var sérstaklega fagnað.
  - b. Rætt um möguleika á að samnýta rými eða tengja öðrum tillögum.
  
- II. **Sigurður Unuson: Miðstöð Sjálfbærni (Lærdómsmiðstöð í ræktun á plöntum) Völvufell** einkunn: 1
  - a. Jákvæð umfjöllun. Fulltrúar voru sammála um að það væri jákvæð þróun að bjóða skólabörn upp á fræðslu um sjálfbærni.
  - b. Spurningar vöknudu meðal fulltrúa um hvort hægt væri að tengja þessa tillögu við tillögu um umbúðalaus verslun.
  
- III. **Sesselja Traustadóttir; Hjólaferni á Íslandi (Fræða- og félagssetur um hjólréiðar) Arnarbakki** einkunn: 1
  - a. Jákvæð viðbrögð og umfjöllun. Fulltrúar sammála um að fræða – og félagssetur um hjólréiðar geti bætt hverfið.
  
- IV. **Sigurlaug; Kærleikssamtökin (Dagsetur fyrir heimilislausu) Arnarbakki** einkunn: 3
  - a. Meirihluta fulltrúa fannst tillagan ekki vera leið til að bæta hverfið.
  
- V. **Hildur Örlygsdóttir; (Umbúðalaus verslun) Arnarbakki** einkunn: 3
  - a. Fulltrúum fannst hugmyndin áhugaverð en töldu ekki vera þörf á frekari verslunarhúsnæði á svæðinu.
  
- VI. **Arne Friðrik Karlsson; Velferðarsvið RVK (Smíðastofa fyrir einhverfa) Arnarbakki** einkunn: 2
  - a. Vel var tekið í úrræðið sem slíkt en spurt hvort að það myndi nýtast vel fyrir hverfið?
  - b. Einnig var rætt um möguleika á samnýtingu úrræðisins við önnur úrræði?
  
- VII. **Hörður Sturluson; Rauði Kross Íslands (Karlar í skúrum) Annaðhvort** einkunn: 1
  - a. Tillagan fékk jákvæða umfjöllun í rýnihópnum, hún fær meðmæli og tengist þrem tillögum til viðbótar sem fjalla á sama eða mjög tengdan hátt hugmyndafræðinni að baki. (tillögur 8, 12 og 16 á fylgisjali 1.)

- b. Fulltrúar vildi koma á framfæri að gott væri að fá aðstæður með „glugga rými“ svo að starfsemin væri sýnileg í samfélaginu og tengdist því.
- VIII. María Ylfa Lebedeva; Rússneska Menningarmiðstöðin (Rússneskt og svo Kýrillískt bókasafn) Annaðhvort** einkunn: 2
- a. Fulltrúum fannst tillaga vera góð hugmynd en hafði áhyggju að það kæmi til að þjóna of fáum íbúum. „Það mundi ekki draga nægilega mikið að fólk og fjölbreytni að svæðinu“
- b. Spurningar var velt fram um hvort hægt væri að koma það fyrir í kjallara hlut þar sem Jakaból var.
- IX. Áslaug Einarsdóttir; (Stelpur Rokka) Völvufell** einkunn: 1
- a. Jákvæð viðbrögð. Fulltrúar voru sammála um að verkefnið og starfsemin væri mjög jákvæð fyrir svæðið og hverfið almennt.
- b. Fulltrúar vildu koma því á framfæri að mikilvægt væri að setja skilyrði um hljóðeinangran og að huga vel að því hvenær starfsemi færi fram með tilliti til íbúana í kringum.

**Niðurstaða frá umsóknum sem komu inn samkvæmt auglýsingum:**

Hæstu einkunnir (1) hlutu verkefnin:

- **Vinnustofa listamanna**
- **Lærdómsmiðstöð í ræktun á plöntum**
- **Fræða- og félagssetur um hjólréiðar**
- **Karlar í skúrum**
- **Stelpur Rokka**

Næst komu (2):

- **Smíðastofa fyrir einhverfa**
- **Rússneskt og svo Kýrillískt bókasafn**

Lakast skorðuðu (3):

- **Dagsetur fyrir heimilislausa**
- **Umbúðalaus verslun**

Til viðbótar töldum tillögum var rætt um eftirfarandi hugmyndir sem komu fram og bárust ekki í gegnum hefðbundið auglýsingaferli en með þátttakendum rýnihópsins.

- X. Óli Gneisti Sóleyjarson; (Tillaga: upptökuver fyrir almenning) Arnarbakki**
- a. Fulltrúar samráðhóps vildi fá tækifæri til að ræða hugmyndina þó að tillagan sjálf var ekki metin sem raunhæfur kostur.
- b. Hugmyndin var metin af rýnihópnum sem góður kostur til umbóta í hverfinu og óskað eftir því að leitað verði eftir frekari upplýsingar um hvernig Óli Gneisti sá fyrir sig að fjármagna verkefnið og ítarlegri upplýsingar um framkvæmd verkefnisins.
- XI. Félags, frístunda og tómstundastarf eða afþreying fyrir börn og ungmenni í hverfinu**

- a. Fulltrúar samráðhópsins fagnaði hversu margir hugmyndir kom fram tengdi afþreying fyrir börn og ungmenn á bæði í Völvufelli og Arnarbakki.
- b. Rædd var mikilvægi þessa að þróa hugmyndir sem styðja við börn og fjölskylduvæna hverfistemmingu og efla frekar félagsstarfi sem börn og unglínga njóta góðs af.
- c. Oft kom til talsins þörfin á eitthvað fyrir ungmenni eða unglínga til að gera á kvöldin í forvarnaskyni.
- d. Umræður um að sinna endurbótum á „Elsu róló“ við hliðin á verslunarkjarni í Arnarbakki naut mikið vinsæl meðal fulltrúum.

## **XII. Tillaga frá Miðberg**

- a. Fulltrúi Íbúasamtakanna Betra Breiðholts lagði fram tillögu frá Miðbergi um starfsemi bæði í Arnarbakki og Völvufelli. Lagt var til að setja upp félags- og frístundastarf í þessum kjörnum fyrir börn og unglínga. Tengist hugmynd XI.
- b. Fulltrúar samráðshópsins gáfu hugmyndum um öflugt frístunda- og félagsstarf í Völvufelli og Arnarbakki einkunn 1.

## **XIII. Tillögur um lögreglustöð í hverfinu**

- a. Mikið umræður átti sér stað meðal fulltrúar samráðhópsins varðandi tillögur um að fá lögreglustöð aftur í hverfinu. Fulltrúar taldu mikilvægt að lögreglan væri með fastan viðveru í hverfinu í formi aðseturs .
- b. Rædd var um möguleiki að hafa lítið rými sem hægt væri að nýta sem einhverskonar „útbú“ jafnvel deila rými með til dæmis foreldrafélög sem standa vörð við hverfinu í gegnum hverfarölts verkefnið eða nýta rými undir fastan viðtalstíma sem íbúar geti sótt ráð og leiðsögn hjá viðkomandi fulltrúa lögreglunnar.
- c. Rýnihópurinn hvetur Reykjavíkurborg til að ræða þetta á samstarfsvettvangi lögreglunnar og borgarinnar fyrir hönd íbúa í Breiðholti.

## **XIV. Tillögur um aðstöðu fyrir íþróttaiðkun.**

- a. Aðstaða til iðkunar bardagaiðkunar er nú í Undirheimum og þykir ekki nægilega góð. Fyrirspurn kom fram um hvort að hægt væri að bjóða uppá betri aðstöðu í kjörnunum, t.d. Jakabóli.



8. Viðauki III – Þarfagreining út frá umsóknum

Reykjavík 31.1.2019

**Yfirlit umsækjenda um húsnæði í kjörnum við Arnarbakka og í Eddufelli**

Hér að neðan eru niðurstöður eftir nánari eftirgrennslan við umsækjendur. Haft var samband við umsækjendur til að átta sig betur á þörf og raunhæfni :

Aðili	Tilgangur	Fermetraþörf	Mótframlag	Annað
Vegglistasamsteypan/ Vinnustofa listamanna	Að byggja upp vegg- og götulist	250 fermetrar (Fellagarðar)	Eru tilbúin að breyta og vera með námskeið	
Miðstöð í sjálfbærni/ Lærdómsmiðstöð í ræktun	Að fræða fólk um plönturæktun	Að minnsta kosti 50 fermetrar	Meðlimir Seljagarða standi sjálf yfir breytingum og fræðslu	Gott aðgengi mikilvægt. Eru hluti af Seljagörðum sem vantar inniaðstöðu.
Hjólafærni á Íslandi	Að byggja upp fræða- og félagssetur um hjólreiðar	250 fermetrar (Arnarbakki)	Eru tilbúin að veita þjónustu í formi fræðslu og kennslu í hjólaviðgerðum	Æskilegt að fá malbikað plan fyrir utan sem æfingasvæði
Stelpur rokka	Að efla stelpur í tónlistariðkun	200 fermetrar	Vilja vinna með skólum og bjóða fram þjónustu	Gott aðgengi fyrir fatlað fólk
Karlar í skúrum	Að bjóða körlum uppá aðstæður til að starfa saman	150-200 fermetrar	Geta tekið að sér að breyta og bæta. Opið öllum.	Þarf kaffi- og salernisaðstöðu. Tengis listaaðstöðu fyrir jaðarlistamenn
Smíðastofa fyrir einhverfa karla	Boðið uppá sérhæfða þjónustu sem eflir virkni og færni	200 fermetrar	Verkefnið er fjármagnað og mannað	Æskilegt að fá sem fyrst
Umbúðalaus verslun	Að bjóða uppá umhverfisvæna verslun	200-300 fermetrar	Ekki vitað	
Dagsetur fyrir heimilislaust fólk	Að bjóða uppá opið starf og virkni fyrir heimilislausa	300-400 fermetrar	Möguleikar á að standsetja af hálfu dagseturs	Vilja helst vera í Arnarbakka
Rússneskt og Kyrilískt bókasafn	Að vera með bókasafn fyrir bækur með Kyrilísku lettri	Ekki vitað	Ekki vitað	Möguleiki á samstarfi við borgarbókasafn
Verkstæði og kennslurými	Að byggja upp verkstæði fyrir	120 fermetrar	Geta tekið að sér að	Eru með verðmæt tæki

	kennara og handverksmenn	Aðgangur að kennslurými, amk 100 fermetrar	standsetja og bjóða þjónustu/líka að greiða leigu	(rennibekk) sem þurfa afmarkað rými
Bardagaíþróttir	Að setja upp aðstöðu fyrir iðkun karate, Tae kwon do ofl	200 fermetra	Ekki vitað	Eru með rými sem þeir telja ófullnægjandi
Upptökuver	Starfrækja upptökuver vegna heimildarmyndar um Bakkablokkirnar.	100 fermetrar	Ekki vitað	Möguleikar á að leita að samstarfi við Miðberg og Menningarhús
Fjölskylduhjálpin	Að setja upp aðstöðu fyrir matargjafir ofl	400 fermetra	Geta standsett og veita þjónustu	Eru að leita að framtíðarhúsnæði í hverfinu

Aðrar hugmyndir sem bárust voru skoðaðar og einungis hugmyndir sem skorti frekari grundvöll. Dæmi um slíkt er beiðni um lögreglustöð í Breiðholtið en eftir fyrirspurn til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kom í ljós að þeir hafa ekki starfsfólk til að manna slíka stöð þó að húsnæði standi til boða. Að öðru leyti var stærri hugmyndum eins og um almennrar uppbyggingar á félags- og fjölskyldumiðstöð í kjörnunum vísað til umræðu í tengslum við nýtt hverfisskipulag í Breiðholti.

Haldinn var einnig rýnifundur með íbúum um kjarnana og þær tillögur sem bárust. Eru niðurstöðurnar kynntar í sér minnisblaði.

Gegnumsneitt er óskað eftir því að kvaðir um leigu verði felldar niður gegn framlagi til samfélags í formi þjónustu, standsetningar á húsnæði og því að byggja upp jákvæða starfsemi fyrir hverfið.

Virðingarfyllst,

*Óskar Dýrmundur Ólafsson*

Hverfisstjóri Breiðholts.

# ERINDISBRÉF

## Samráðshópur Reykjavíkurborgar vegna þróunar á hverfiskjörnum í Breiðholti

### Ábyrgðarmaður:

Óli Jón Hertervig, Skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

### Hlutverk:

Reykjavíkurborg festi nýverið kaup á fasteignum í tveimur hverfiskjörnum í Breiðholti: Arnarbakka 2-6 og Völvufelli 11-21 með það að markmiði að flýta fyrir uppbyggingu á þessum svæðum.

Í hverfaskipulagi sem er í vinnslu fyrir Breiðholt koma fram hugmyndir að auknum byggingarheimildum á þessum lóðum og möguleikum á breyttri notkun. Frumkvæði Reykjavíkurborgar mun leiða til hraðari uppbyggingar á þessum svæði, betri nýtingu og bættri ásýnd. Stefnt að því að hefja vinnu við breytingar á deiliskipulagi á lóðinni á næstunni.

Fasteignirnar sem um ræðir eru í mörgum matshlutum sem verða afhentir borginni að hluta til um næstu mánaðarmót og hluta af húsnæði verður afhent um mitt ár 2019. Til þess að húsnæðið standi ekki autt og ónotað hefur borgin auglýst eftir mögulegum notendum til bráðabirgða á meðan skipulagsvinnan stendur yfir.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er mikilvægt að samráð og upplýsingagjöf um verkefnið sé vel sinnt. Til þess að svo megi verða er stofnaður ráðgjafahópur Reykjavíkurborgar sem skipaður verði fulltrúum íbúa í Breiðholti.

### Hlutverk starfshóps:

- Leggja mat á umsóknir um aðstöðu í húsnæði Reykjavíkurborgar í hverfiskjörnum Breiðholts við Arnarbakka 2-6 og Völvufelli 11-21. Hópurinn mun skila Reykjavíkurborg minnisblaði þar sem fjallað er stuttlega um hverja umsókn og gerð tillaga um hvaða aðila borgin eigi að ganga til samninga við um húsnæði í kjörnum.

### Ráðgjafarhópurinn skipa:

Svava Bernhard Sigurjónsdóttir fulltrúi foreldra skólaráði Breiðholtsskóla  
Anna Sif Jónsdóttir fulltrúi foreldrafélagi Breiðholtsskóla og Reykvíkingur ársins 2018  
Aðalheiður Erla Ingimarsdóttir fulltrúi foreldrafélagi Fellaskóla  
Karim Askari íbúi í neðra Breiðholti og formaður Islamic Foundation Iceland  
Jóhanna Dýrunn núverandi stjórnmeðlimir íbúasamtökunum Betra Breiðholt  
Helgi Kristófersson fyrverandi formaður íbúasamtökunum Betra Breiðholt  
Alice Björg Petersen íbúi í Efra Breiðholti og götustjóri Yrsufelli  
Piotr Jakubek eigendur Mini Market í Drafnafelli  
Eva Yngvadóttir íbúi í Neðra Breiðholti og götustjóri í Urðarstekkur  
Guðrún Eiríksdóttir íbúi og fyrrverandi formaður hverfisráðs Breiðholts

### Starfsmaður:

Óskar Dýrmundur Ólafsson, hverfisskrifstofa Reykjavíkurborgar í Breiðholti

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Óli Örn Eiríksson, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

**Starfstímabil:**

Starfshópur starfi þar til búið er að velja samstarfsaðila inn í húsin og það komið í notkun.

Reykjavík, desember 2018

Óli Jón Hertervig  
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar  
Reykjavíkurborg